

Nd.

592. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um heimild fyrir landssjóð til að kaupa hlutabréf í Íslandsbanka og til að gefa út landssjóðsskuldabréf.

Frá Peningamálanefndinni.

1. Aftan við 5. gr. komi: »Þó losna hlutabréfin úr þessari tryggingu jafnóðum og skuldabréfin eru innleyst«.
2. Á eftir 5. gr. komi ný grein er verður 6. gr. svo hljóðandi:

Nú þykir stjórnarráði Íslands hagkvæmara að taka útlent lán handa landssjóði til að kaupa hlutabréf þau, er um getur í 1. gr., og er þá ráðherra Íslands veitt heimild til að taka slíkt lán, alt að 2 — tveim — miljónum króna, er endurborgast með jöfnum afborgunum á 30 árum, en þó mega vextir af slíku láni eigi fara fram úr $4\frac{1}{2}\%$ á ári og skal lánið óuppsegjanlegt frá hálfu lánveitanda.
3. Ennfremur komi önnur ný grein, er verði 7. gr. svolátandi:

»Verði lán það tekið, sem nefnt er í 6. gr., veitist ráðherra Íslands ennfremur heimild til að gefa út landssjóðsskuldabréf fyrir láninu, og skulu skuldabréfin útbúin með vaxtamiðum sem greiddir séu tvisvar á ári, 2. dag janúar og 2. dag júlímánaðar. Skuldabréfin skulu vera á íslenzku og máli þess lands sem lánið veitir, og mynt þess.
4. Við 6. grein, sem verður 8. gr.

Fyrir orðin: »fá þeir« komi: »fær hver þeirra«.

Aftan við greinina bætist:

»Nú forfallast einhver þessara manna frá að mæta á aðalfundum og skipar þá stjórnarráðið mann í hans stað.